

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 6. janúar 2022

Þann 6. janúar var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í 96,1% stöðugilda í leikskólum, 99,1% í grunnskólum og 92,3% í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 55,6 grunnstöðugildi í leikskólum, 21,7 stöðugildi í grunnskólum og 21,9 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

	Árbær- Grafarholt	Breiðholt	Grafarvogur- Kjalarnes	Laugardalur- Háaleiti	Vesturbær- Miðborg/Hlíðar	Samtals
Leikskóli	15,3	10,0	5,5	12,9	12,0	55,6
Grunnskóli	6,5	4,4	2	4	4,8	21,7
Frístundaheimili/Sértækar félagsmiðstöðvar	6,07	4	3,5	6,8	1,5	21,9
Fjöldi stm í fríst.starfi	12	10	7	12	4	45

Tafla 1 - Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 6. janúar 2022.

Í leikskóla á eftir að ráða í 55,6 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við síðustu mælingu þann 7. október 2021 þegar átti eftir að ráða í 46,4 stöðugildi. Núna hefur mönnun áhrif á inntöku 23 barna í sjö leikskólum. Að auki á eftir að ráða í samtals 12,3 stöðugildi vegna afleysinga er varða undirbúning, veikindaafleysingar og önnur störf, en þau stöðugildi hafa ekki áhrif á inntöku barna í leikskóla. Ráðið hefur verið í 96,1% stöðugilda miðað við þann fjölda barna sem búið er að bjóða pláss samanborið við 96,7% í síðustu stöðutöku þann 7. október 2021. Til samanburðar við fyrri ár var búið að ráða í 98,4% grunnstöðugilda þann 7. janúar 2021 og 98,9% þann 17. janúar 2020.

Í grunnskóla á eftir að ráða í 21,7 stöðugildi. Ráðið hefur verið í 99,1% stöðugilda miðað við fulla mönnun, samanborið við síðustu mælingu þann 7. október 2021 og var búið að ráða í 99,2%. Til samanburðar var búið að ráða í 99,2% stöðugilda ann 7. janúar 2021 og 99,4% þann 17. janúar 2020.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvum á eftir að ráða í 21,9 stöðugildi eða um 45 starfsmenn. Ráðið hefur verið í 92,3% stöðugilda miðað við fulla mönnun samanborið 92,3% í síðustu mælingu þann 7. október 2021. Til samanburðar var búið að ráða í 93,4% stöðugilda þann 7. janúar 2021 og 95,3% þann 17. janúar 2020.

Af þeim 4.330 börnum sem eru með virka umsókn eru 21 börn á biðlista. Í hlutavistun eru 32 börn. 100% frístundaheimila hafa náð umbeðinni vistun í 1. bekk, 100% í 2. bekk og rúmlega 96% í 3. bekk og 4. bekk.